

Mánudaginn 8. mars 1993.

Nr. 120/1992. **Húsgagnahöllin hf.**

gegn

Lúðvík Jónssyni.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. mars 1992. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1992. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1992, og fékk áfrýjandi þá frest til október sama ár. Hefur hann síðan fengið frest á málinu fjórum sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. mars 1993. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til aprílmánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málskostnað, og verður hann ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
